

Fundargerð Minjaráðs Norðurlands eystra 5. mars 2021 kl. 10:00-12:30

Fundur haldinn á Minjasafninu á Akureyri.

Viðstaddir: Guðmundur Ögmundsson, Unnsteinn Ingason, Halldóra Gunnarsdóttir, Haraldur Þór Egilsson, Steinunn María Sveinsdóttir, Sigurður Guðni Böðvarsson, Sædís Gunnarsdóttir minjavörður Norðurlands eystra.

1. Covid- áhrif faraldursins á starfsemi Minjastofnunar.

Sædís Gunnarsdóttir, minjavörður Norðurlands eystra kynnti stuttlega hvernig starfsemi Minjastofnunar hefur farið fram undanfarið ár.

2. Bókun minjaráðs vegna fjölgunar starfsmanna Minjastofnunar á landsbyggðinni.

Tekin var fyrir og samþykkt einróma eftirfarandi bókun sem frestað frá síðasta fundi:

„Minjaráð Norðurlands eystra hvetur mennta- og menningarmálaráðuneytið til að auka fjármagn til handa Minjastofnun Íslands. Verkefni á hverju minjasvæði eru miklu fleiri en hver minjavörður kemst yfir og nauðsynlegt að fjölga starfsmönnum til að stofnunin geti sinnt betur eftirlitsskyldu á minjasvæðum, sinnt eftirliti til að kanna umfang og eðli minja á framkvæmdasvæðum og nauðsynlegum skráningarverkefnum.“

Ráðið leggur jafnframt til að vakin verði athygli sveitastjórna á málinu því það auki skilvirkni skipulagsmála sveitarfélaga að Minjastofnun geti sinnt sinni aðkomu að slíkum málum hratt og vel. Það sé í raun efnahagslegur ávinningur af því að málsmeðferðarhraði stofnunarinnar sé góður.

3. Verndarsvæði í byggð.

Sædís kynnti hugmyndafræðina sem liggur að baki Verndarsvæði í byggð og vakti athygli á því að slík verkefni gætu hlotið styrki úr húsverndarsjóði. Siglufjörður er eini staðurinn á starfssvæðinu sem þar sem slíkri vinnu er lokið en unnið að slíku verkefni í Innbænum á Akureyri. Sædís hvatti ráðsmenn til að hafa slík verkefni í huga á starfssvæði ráðsins.

Fram kom í máli Steinunnar að á Siglufirði hefur ákvörðun um að gera hluta Þormóðseyrarinnar að verndarsvæði mælst vel fyrir og kom strax upp sú umræða að verndarsvæðið mætti útvíkka. Eftir að verndarsvæðið var skilgreint líti íbúar byggðina öðrum augum, efli meðvitund allra sem sjá um skipulag og framkvæmdir á slíku svæði.

Rætt var um hvort verndarsvæði væru of íþyngjandi fyrir íbúa. Spurði hvort þetta yrði íþyngjandi fyrir íbúa eða hvort slíkt gæti verið til að auka verðmæti eigna á slíku svæði. Í því samhengi var rætt um hvort t.d. fasteignasalar væru meðvitaðir um þær kröfur sem fylgja því að eiga friðað hús. Hvöttu ráðsmenn Minjastofnunar til að huga að kynningu á slíku fyrir Félagi fasteignasala.

4. Innviða uppbygging – staðan á starfssvæðinu

Minjastofnun hefur fengið tvo styrki úr Innviðasjóði undanfarin ár vegna verkefna á Norðurlandi eystra. Annars vegar vegna skipulags á Gásum í Eyjafirði og hins vegar skipulagsvinnu á Hofstöðum í Mývatnssveit. Unnið er að friðlýsingu jarðarinnar sem mun ekki hafa áhrif á núverandi nýtingu en verndar minjarnar.

Rætt var um önnur möguleg verkefni á svæðinu sem sækja mætti um styrk úr Innviðasjóði. Þar var einkum rætt um heiðarbygg á Fljóts- Mývatnsheiði, miðaldabyggð í Þegjandadal og bætt aðgengi að Grettisbæli.

Fram kom í máli fundarfólks að forsenda þess að hægt sé að fara í verkefni sé áhugi sveitarfélags og landeiganda. Þá þyrfti einnig að hafa í huga hvort náttúran og menningarminjar þyldu aukið aðgengi.

5. Önnur mál.

i. Stefnumótun Minjastofnunar

Sædís kynnti stöðu mála. Stefnan er tilbúin og komin til ráðuneytisins og bíður staðfestingar ráðherra.

Þá upplýsti minjavörður að hafin væri stefnumótun um vernd menningarminja og að ráðið yrði boðað á fjarfund innan tíðar.

Verkefnið felst í mótun stefnu í vernd byggingarfs, fornleifa og menningarlandslags. Stefnan snýr einnig að fornleifarannsóknum. Viðfangsefni tengd verndun fornleifa, menningarlandslags og byggingararfs og fornleifarannsóknum teygja anga sína víða og snerta margar hliðar samfélagsins um land allt. Til að hægt sé að móta skynsamlega og raunhæfa stefnu er nauðsynlegt að gæta þess að öll sjónarmið komi fram. Í því skyni verður stórum hópi fólks boðið að taka þátt í greiningarvinnunni með einum eða öðrum hætti.

ii. ESPON

Minjastofnun er þátttakandi í alþjóðlegu verkefni sem snýr að því að rannsaka hvernig heimamenn sjá og meta minjastaði í sínu nánast umhverfi. Svæðið sem verður rannsakað á Íslandi nær yfir Skútustaðahrepp og Þingeyjarsveit. Áætlað er að skipta verkefninu í tvennt, þar sem annars vegar er gerð rannsókn á hagrænu gildi minjastaða og samfélagslegu gildi hins vegar. Niðurstöður rannsóknarinnar munu nýtast á margvíslegan hátt. Þær geta meðal annars gefið góðar upplýsingar um hvernig menningarminjar í héraði geta gagnast íbúum og einnig leitt af sér frjóar hugmyndir varðandi nýtingu á menningararfi fyrir ýmsa starfsemi.

iii Hótel Gígur

Spurt var um hvort Minjastofnun hefði haft áhuga á að koma inn í verkefnið á Hótel Gíg á Skútustöðum.

Sædís upplýsti að svo væri ekki en myndi vilja vera með kynningu á Hofstöðum í gestastofu ef hún verður á svæðinu.

iv Muninn – appið

Spurt um hver staðan væri á því appinu sem Minjastofnun er að vinna að.

Þingeyska fornleifafélagið hefur sótt um styrk í Nýsköpunarsjóð námsmanna til að fá starfsmann til að búa til vettvang vegna þrívíddarmynda sem til eru. Rætt var um hvort þar væru mögulegir samstarfsfletir við Minjastofnun.

Í lok fundar kynnti Haraldur Þór starfsemi Minjasafnsins á Akureyri og leiddi fundarfólk um sýningar safnsins, Nonnahús og Minjasafnskirkjuna.

Fundargerð ritaði Haraldur Þór